

Tillaga
Afgreiðsla

A 1972/UHN
Norræna sjálfbærninefndin

Nefndarálit um þingmannatillögu um útflutning affallsvatns á Norðurlöndum (A 1972/UHN)

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að koma á kerfi til að vakta meðhöndlun hættulegra sendinga, þar á meðal affallsvatns, í móttökulöndunum til að tryggja að meðhöndlun úrgangs sé umhverfislega verjandi.
- að kanna möguleika á samnorrænum aðgerðum eða áætlunum til að bæta vöktun og eftirlit með útflutningi á hættulegum úrgangi og affallsvatni,
- að veita fé til rannsókna og þróunar í þeim tilgangi að kanna nýstárlega tækni og sjálfbærar aðferðir til meðhöndlunar á hættulegum úrgangi og frárennslisvatni sem inniheldur efni sem lágmarki umhverfisáhrifin.

Auk þess leggur Norræna sjálfbærninefndin til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

- að kanna möguleika á að herða reglur í löndunum um útflutning á hættulegum úrgangi umfram kröfurnar í Baselsamningnum til að bæta vernd umhverfis og lýðheilsu.
- að efla og samhæfa bestu starfsvenjur við útflutning á hættulegum úrgangi og affallsvatni og vinna saman að því að bæta umhverfisvernd yfir landamæri,
- að setja í forgang að vernda vistkerfi sjávar með betri stjórnun og eftirliti með stöðum þar sem tekið er á móti hættulegum úrgangi og affallsvatni með efnum, svo sem danska fyrirtækið RGS Nordic sem tekur við iðnaðarúrgangi.

Bakgrunnur

Baselsamningurinn er alþjóðlegur samningur um umhverfismál sem var samþykktur árið 1989 til að setja reglur um og hafa eftirlit með flutningi spilliefna milli landa. Samningurinn var gerður til að vernda heilsu fólks og umhverfið með því að koma í veg fyrir ólöglega losun eða förgun spilliefna í öðrum löndum. Mikilvægur hluti Baselsamningsins er áhersla hans á reglur um útflutning hættulegs úrgangs, þar á meðal affallsvatns.



Affallsvatn er stór uppspretta hættulegs úrgangs sem getur valdið alvarlegri mengun ef hann er ekki meðhöndlaður á réttan hátt. Samkvæmt Baselsamningnum þurfa lönd sem flytja út hættulegan úrgang, þar á meðal affallsvatn, að uppfyllar vissar kröfur til að tryggja að úrgangurinn sé meðhöndlaður, geymdur og fluttur á öruggan hátt. Þessar kröfur fela í sér leyfisskyldu, tilkynningu til innflutningslandsins um flutninginn og að tryggt sé að úrgangurinn sé meðhöndlaður á umhverfisvænan hátt.

Baselsamningurinn kveður einnig á um að lágmarka þarf myndun hættulegra úrgangs með fyrirbyggjandi starfi og endurvinnslu úrgangs. Þetta er mikilvægur hluti af markmiði samningsins um að vernda umhverfið og lýðheilsu.

Öll norrænu löndin hafa samþykkt Baselsamninginn og skuldbundið sig til að fylgja ákvæðum hans um útflutning hættulegra efna, þar á meðal affallsvatns. Samningurinn kveður á um strangar reglur og eftirlit til að tryggt sé að hættulegur úrgangur skaði ekki umhverfið í innflutningslöndum.

Þrátt fyrir sáttmála Sameinuðu þjóðanna, náttúruverndarlög og strangari kröfur ESB um losun hættulegra efna hefur hreinsunarstöð við Stignæs, suður af Skælskør, um árabíl tekið á móti og losað milljónir lítra ef menguðu affallsvatni frá meðal annars Noregi í hafinu við Agersø. Þessar umdeildu aðstæður eru dæmi um þær áskoranirnar sem sigrast þarf á við meðhöndlun hættulegs olíuaffallsvatns, þar sem umhverfisstofnanir Noregs hafa í áratugi unnið að því að bregðast við losun frá olíuifnaðinum. Danska fyrirtækið RGS Nordic, sem annast iðnaðarúrgang, er hins vegar reiðubúið til að taka við affallsvatni gegn greiðslu. Afleiðingarnar fyrir umhverfi hafsins eru þó miklar og rannsóknir sýna að losunin er umfram umhverfisstaðla, og þá sérstaklega losun skaðlegra efna á borð við PFOS, þungamálma á borð við kvikasilfur og nikkell sem og efna sem eru hættuleg mönnum, svo sem baríums og tjöruefna. Þrátt fyrir þessar slæmu niðurstöður voru árið 2022 gerð drög að nýrri umhverfisstöð sem felur í sér að 17 af 24 efnum sem hafa skaðleg áhrif á umhverfið, sem RGS Nordic meðhöndlar, eru umfram viðmið Umhverfisstofnunar Danmerkur, áður en þau eru losuð í hafið við Agersø.

Umhverfisráðuneytið hefur sjálfst tekið fram í minnisblaði að fylgi sveitarfélög leiðbeiningum Umhverfisstofnunar á þessu sviði sé raunveruleg hætta á því að ólögleg losun affallsvatns verði samþykkt. Skjölín sýna einnig að Umhverfisstofnun hefur leyft innflutning hættulegs vatns frá norskum olíuifnaði þrátt fyrir itrekaðar viðvaranir frá Kammeradvokaten. Þetta vekur spurningar um hvort þetta fyrirkomulag sé í samræmi við lög.

Í þessu samhengi er afar mikilvægt að Norðurlönd taki ábyrgð á hlutverki sínu í útflutningi hættulegra efna og affallsvatns og vinni náið saman að því að tryggja að þau



virði alþjóðlega umhverfissamninga á borð við Baselsamninginn og aðra umhverfisstaðla. Samstarf Norðurlanda er lykilatriði til að brugðist verði við þessum áskorunum með skilvirkum hætti og til að vernda sameiginlega náttúru og umhverfi okkar.

Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin veitir því athygli með miklum áhyggjum að dæmi eru um útflutning og innflutning hættulegs úrgangs, þar á meðal affallsvatns, þar sem hvorki útflutningsaðli né innflutningsaðli tryggir umhverfisvæna meðhöndlun úrgangsins þannig að efni sem eru hættuleg umhverfinu séu ekki losuð í hafið. Þegar affallsvatn sem er losað í vistkerfi hafnsins inniheldur hættuleg efni í magni yfir leyfðum mörkum getur það haft skaðleg áhrif á dýr og mannfólk. Þegar hættuleg efni hafa verið losuð í hafið er afar erfitt, ef ekki ómögulegt, að fjarlægja þau þaðan.

Nefndin vísar til fyrri tillögu um stefnu á sviði endurvinnslu (A 1758/Holdbart) sem inniheldur meðal annars þau tilmæli að *útflutningur úrgangs megi einungis fara fram til landa sem geta sýnt fram á endurvinnslu eða umhverfislega réttlætanalega förgun úrgangsins og að Norræna ráðherranefndin móti tillögu að sameiginlegri stefnu á sviði endurvinnslu allra tegunda úrgangs.*

Í svari ráðherranefndarinnar við tilmælunum (tilm. 3/2020) er vísað til þess að kveðið er á um flutning úrgangs milli landa í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006/EB sem tengist Baselsamningnum og OECD-ákvörðun um flutning úrgangs. Samkvæmt reglugerðinni um flutning úrgangs má eingöngu flytja úrgang milli landa ef úrgangurinn er meðhöndlaður með umhverfisvænum hætti.

Nefndin telur því áhyggjuefni að enn eru dæmi um að úrgangur sé ekki fluttur út og meðhöndlaður á umhverfisvænan hátt og beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar og norrænu ríkisstjórnanna að skoða þetta málefni nánar, hver með sínum hætti. Þá leggur nefndin áherslu á að hertari reglur megi ekki fela í sér stjórnsýsluhindranir á milli norrænu landanna.

Stokkhólmi, 6. febrúar 2024

Tove Elise Madland (A)

Johan Andersson (S)

Malin Larsson (S)

Åsa Karlsson (S)

Ola Elvestuen (V)

Anna Falkenberg (sb)

Emma Berginger (MP)

Krista Mikkonen (gröna)

Heikki Autto (saml)

Teitur Björn Einarsson (Sj.)

Mariane Paviasen (IA)

Lotta Johnsson Fornarve (L)

Anna-Lena Hedberg (SD)

Staffan Eklöf (SD)

